

Heilbrigðisráðuneytið
Svandís Svavarsdóttir ráðherra
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Reykjavík, 19. marz 2021

Efni: Endurskoðun þjónustugjalda vegna tilkynninga til Neytendastofu um markaðssetningu rafrettna og fylgihluta

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til bréfs umboðsmanns Alþingis til ráðherra, dags. 29. desember sl. og bréfs umboðsmanns til félagsins, dags. sama dag. Í bréfinu til ráðherra kom umboðsmaður á framfæri ábendingum til ráðuneytisins í framhaldi af kvörtun FA til embættisins vegna 8. gr. reglugerðar nr. 803/2018, um tilkynningar til Neytendastofu um markaðssetningu rafrettna og áfyllinga fyrir rafrettur sem innihalda nikótín.

Á meðal ábendinga umboðsmanns er eftirfarandi:

- Neytendastofa tekur sama gjald, að fjárhæð 75.000 krónur, hvort sem tilkynning skv. 14. gr. laga nr. 87/2018 varðar rafrettu og undirhluti hennar eða aðeins undirhlut sem ekki hefur verið tilkynntur áður. Umboðsmaður segir gengið út frá því samkvæmt meginreglum stjórnsluréttar að eftir því sem unnt er geti þurft að ákvarða gjöld sérstaklega fyrir ólíka flokka eða tegund þjónustu, því að ella væru sumir látnir greiða herra gjald en sem næmi kostnaði við að veita þeim þjónustuna. Umboðsmaður telur ekki óvarlegt að ætla að munur geti verið á kostnað sem til fellur hjá Neytendastofu eftir efni tilkynninganna og að rétt geti verið að *mismunandi kostnaður vegna ólíkra tilkynninga endurspeglar í fjárhæð þjónustugjalds*.
- Umboðsmaður segist hafa orðið þess var að forsendur að baki ákvörðun Neytendastofu um ákvörðun gjaldsins taki að nokkru marki mið af stofnkostnaði eða föstum kostnaði við þau verkefni sem varða 14. gr. laganna. Það veki athygli umboðsmanns að ráðuneytið hafi ekki gert þetta að umtalsefni í samskiptum við Neytendastofu um ákvörðun gjaldsins. Rétt hefði verið að óvissa um það að hvaða marki stofnunin miðaði tillögu sína um fjárhæð gjaldsins við stofnkostnað hefði verið skýrð *áður en reglugerðin var sett* 31. ágúst 2018.
- Umboðsmaður kemst að þeirri niðurstöðu að ráðuneytið hafi *ekki haft fullnægjandi upplýsingar um forsendur fyrir fjárhæð þjónustugjaldsins áður en reglugerðin tók gildi*. Úr þessum annmarka hafi þó að nokkru leyti verið bætt eftir að reglugerðin tók gildi og þá að hluta vegna þess að ráðuneytið brást við erindum FA vegna málsins með því að afla nánari upplýsinga frá Neytendastofu. Umboðsmaður áréttar að það hefði verið í betra samræmi við meginreglur stjórnsluréttar um töku þjónustugjalda ef ákvörðun gjaldsins hefði verið reist á traustari grundvelli í ágúst 2018.

Umboðsmaður nefnir, í bréfi sínu til FA og bréfinu til ráðherra, að boðuð endurskoðun ráðuneytisins á töku gjaldsins sé á meðal ástæðna þess að hann hafi ákveðið að ljúka athugun sinni á málinu. Hann segist í erindi sínu til ráðherra vænta þess að ofangreind atriði verði höfð til hliðsjónar í þeirri vinnu.

„Jafnframt óska ég þess sérstaklega að umboðsmaður Alþingis verði upplýstur um afrakstur endurskoðunar á gjaldinu eigi síðar en 1. mars 2021 og þá hvort og þá hvaða áhrif framangreind atriði hafi haft í þeim efnum,“ segir í erindi umboðsmanns Alþings.

FA óskar eftir upplýsingum um niðurstöður endurskoðunar ráðuneytisins á töku gjaldsins og að fá afrit af bréfi ráðuneytisins til umboðsmanns.

Hafi endurskoðunin ekki átt sér stað í samræmi við óskir umboðsmanns hvetur FA ráðuneytið eindregið til að hraða henni og upplýsa félagið og umboðsmann hið fyrsta, í samræmi við vandaða stjórnarsýsluhætti.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA